

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Selfossi, 4. júní 2018
Tilvísun: 18051263

Efni: Umsögn Matvælastofnunar vegna máls 662 - persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga

Vísað er til tölvupósts frá 30. maí sl. vegna frumvarps til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, mál 662.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingum á upptalningu á þeim persónuupplýsingum sem falla undir hugtakið viðkvæmar persónuupplýsingar, sú breyting er ráðgerð með frumvarpinu frá gildandi lögum að upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað falla ekki lengur undir hugtakið viðkvæmar persónuupplýsingar. Hins vegar er fjallað um slíkar upplýsingar í 12. gr. frumvarpsins og lýtur vinnsla slíkra upplýsinga þeim takmörkunum sem þar segir.

Skoða þarf hvaða breytingar framangreint hefur á heimildir stjórnvalda til að afhenda gögn skv. upplýsingalögum nr. 140/2012. Samkvæmt meginreglu upplýsingalaga er skylt að veita almenningi aðgang að fyrirbyggjandi gögnum sem varða tiltekið mál. Ákveðnar undantekningar eru þó á þessum rétti almennings, m.a. er kveðið á um í 9. gr. upplýsingalaga að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- og fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt og eðlilegt að leynt fari nema sá samþykki sem í hlut á. Í úrskurðum nefndar um upplýsingamál þar sem óskað hefur verið eftir aðgangi að gögnum er varða upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað hefur ítrekað verið vísað í greinargerð með 9. gr. upplýsingalaga. Þar segir að ákvæðið feli í sér vísireglu um hvenær rétt sé að halda leyndum upplýsingum um einkahagsmuni, þá segir að við „það mat verði að taka mið af því hvort upplýsingarnar séu samkvæmt almennum sjónarmiðum svo viðkvæmar að þær eigi ekkert erindi við allan þorra manna. Erfitt er að tilgreina nákvæmlega þau sjónarmið sem stjórnvaldi er rétt að leggja til grundvallar við mat á því hvaða einkamálefni einstaklinga eru þannig vaxin að þau réttlæti undanþágu frá upplýsingarétti í hverju tilviki. Oft koma sérstakar reglur um þagnarskyldu í veg fyrir að aðgang megi veita að upplýsingum. Þegar þeim reglum sleppir má hafa í huga ýmis lagaákvæði sem sett hafa verið í sama augnamiði. Þannig er enqum vafa undirorpið að viðkvæmar persónuupplýsingar samkvæmt lögum um persónuvernd eru allar undanþegnar aðgangi almennings skv. 9. gr. Þar má t.d. nefna upplýsingar um litarhátt, kynþátt, stjórnmálaskoðanir og trúarbrögð, upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað, upplýsingar um kynlíf manna og heilsuhagi, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, svo og upplýsingar um félagsleg vandamál.“ Í greinargerðinni segir jafnframt að aðrar upplýsingar geti einnig talist viðkvæmar skv. almennum viðmiðum í íslenskum rétti þótt þær teljist ekki viðkvæmar persónuupplýsingar skv. persónuverndarlögum.

Af þessu má ráða að stjórnvöld þurfa að meta hvort gögn sem innihalda upplýsingar sem falla undir 12. gr. frumvarpsins, þ.e. upplýsingar um hvort einstaklingur hafi verið grunaður, kærður eða dæmdur fyrir refsiverða háttsemi séu þess efnis að sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, þannig að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að slíkum gögnum. Ekki er lengur hægt að styðjast við skýran texta í greinargerð við úrlausn slíkra álitaefna og endanleg ákvörðun um hvort veita eigi aðgang að slíkum gögnum kann að liggja hjá úrskurðarnefnd upplýsingamála skv. V. kafla upplýsingalaga.

Með hliðsjón af því að framlagt frumvarp kann að hafa í för með sér breytingar á útfærslu laga um upplýsingamál telur Matvælastofnun rétt að skýr vilji Alþingi komi fram um hvort og þá hvernig eigi að veita almenningi aðgang að þeim upplýsingum sem fram koma 12. gr. frumvarpsins, fremur en að stjórnvöldum og/eða úrskurðarnefnd um upplýsingamál verði falið að skera úr um hvort þær breytingar sem gerðar eru með frumvarpinu komi til með að breyta þeirri framkvæmd sem nú er í gildi um aðgang að gögnum sem innihalda upplýsingar um refsiverða háttsemi.

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar

Viktor S. Pálsson